

Umhverfisstofnun
Áb. _____
20 APR. 2009
54.0
Tilv. _____

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. apríl 2009
Tilvísun: UST20090400003/bs

Rennslisstýring í Eldhrauni við Árkvísar. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hér er um að ræða framkvæmd sem felst í því að auka rennsli úr Skaftá út á Eldhraun um fyrirhleðslu við útfall Árhvísla. Í fyrirhleðslunni eru þrjú ræsi, tvö þeirra eru þegar opin, en fyrirhugað er að þriðja rörið verði opið þann tíma árs sem aurframburður Skaftár er minnstur.


Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka vatnsrennsli út á Eldhraun frá 20. október til 20. júní ár hvert til 2012 og "stuðla þannig að því að vatnsstaða/rennsli í lindum og lækjum í Landbroti og Meðallandi fari ekki undir þau mörk að lífríki sé í hættu."

Núverandi fyrirkomulag rennslisstýringar við útfall Árhvísla felur í sér að vatn úr Skaftá rennur óheft allt árið um tvö af þremur rörum í fyrirhleðslunni. Ætla má að mestur aur berist út á Eldhraun með sumrvatni. Aukið vetrarrennsli um þriðja rörið mun að líkindum ekki auka framburð sands og leirs út á Eldhraun. Um er að ræða rennsli á þeim tíma árs sem ætla má að aurframburður í Skaftá sé minnstur.

Með hliðsjón af ofangreindum sjónarmiðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Kristín L. Arnadóttir
Forstjóri